

Reykjavík, 20. okt. 1976

Til formanns útværpsráðs
Þórarins Þórarinssonar.

Fjölmenn ráðstefna um kjör íslenskra láglaunakvenna var haldin á Hótel Loftleiðum bann 16. maí 1976, var þar meðal annars samþykkt ályktun um dagvistunarmál. Ráðstefnan taldi að varanleg lausn muni ekki fást á uppbyggingu nægilega margra dagvistunarheimila nema ríki og sveitarfélög stofni þau og reki eins og barnaskólana, svo að öll börn geti átt jafnan aðgang að þeim. Ráðstefnan fördæmdi þá breytingu sem gerð var á lögnum um hlutdeild ríkisins í stofnun og rekstri dagvistunarheimila að fella niður hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði heimilanna og taldi það stórt skref aftur á bak.

Að ráðstefnunni var stofnaður starfshópur sem setti sér þau markmið

- a) að vinna að kynningu í fjöldum á innri starfsemi dagvistunarheimila og uppeldisgildi þeirra í nútímasamfélægi.
- b) að vinna að því að sett verði ákvæði til ákveðins tíma inn í kjarasamninga um ákveðnar greiðslur í dagvistunarsjóð til að flýta fyrir uppbyggingu dagvistunarheimila.

Pann 14. júní s.l. fóru 3 fulltrúar úr starfshópnum á fund Emils Björnssonar dagskrárstjóra sjónvarpsins og var erindið að ræða við hann hvort og hvernig sjónvarpið gæti kynnt starfsemi dagvistunarheimila og hlutverk þeirra í uppeldi ungra barna. Tók hann málaleitan bessari mjög vel og bað um ákveðnar tillögur.

Í framhaldi af þessum viðræðum leggur starfshópurinn til

- a) að gerðir verði íslenskir sjónvarpsþættir sem fjalli um dagvistunarheimili bæði í Reykjavík og úti á landi og að sjónvarpið sýni kvikmyndir um dagvistunarheimili.
- b) að sýndar verði í sjónvarpinu eftirtaldar kvikmyndir, sem fáanlegar eru í Fræðslumyndasafni ríkisins:
 - með umræðum 1) Integration i förskolan, 21 mín löng. Pessi mynd sýnir uppeldisstörf á dagheimili, þar sem fáein broskahæft börn eru dag hvern meðal heilbrigðra barna.
 - með umræðum 2) Pedagogik i förskolan, 22 mín löng. Pessi mynd fjallar um foreldrasamvinnu og börn sem eru að byrja á dagvistunarheimili.

án umræðna 3) Skapande verksamhet, 2-3 áringar, 18 mín löng.

Þessi mynd sýnir tveggja og þriggja ára börn við leik og störf á dagheimili sem býður upp á þroskandi uppeldisskilyrði við hæfi þessa aldursskeiðs.

c) að sjónvarpið fái til sýningar erlendis frá kvíkmyndir um forskólaaldurinn. Starfshópurinn bendir á eftirtaldar kvíkmyndir sem allar fást leigðar hjá Kommunsamköp 117 81 Stockholm:

Prior Weston School i London (45 mín)

Eva som vill vara med (15 mín)

Sofia som ser med fingrarna (19 mín)

En flicka som heter Marie (20 mín)

d) að myndaður verði starfshópur með sjónvarpsmönnum og fulltrúum, tilnefndum af starfshópnum um dagvistunarmál, til að vinna að gerð íslenskra sjónvarpsþátta um innri starfsemi dagvistunarheimila.

e) að sjónvarpið sinni dagvistunarmálum almennt meira, t.d. í fréttaviðölum úti á landi.

Starfshópurinn álitur að sjónvarpið muni með slikum þáttum og kvíkmyndum stuðla að auknum áhuga og skilningi á uppeldi ungra barna hér á landi, en þessu aldursskeiði hefur verið miklu minni gaumur gefinn hér en í grannlöndum okkar. Á síðustu áratugum hefur íslenskt þjóðfélag tekið miklum og örum breytingum og hafa uppeldisskilyrði lítilla barna versnað mjög. Nægir hér að nefna að nú búa flestir íslendingar í péttbýli, "öfugt við það sem áður var. Hetta vegna ökutækja hefur stóraukist. Atvinnuhættir hafa gjör-breyst, leikrými barna utandyra minnkað og síðast en ekki síst, heimilin og lifnaðarhættir manna almennt hafa breyst mikið. Til þess að koma til móts við þarfir barna og gefa þeim þroskandi umhverfi og viðfangsefni eru dagvistunarheimili nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi.

F.h. Starfshóps um dagvistunarmál

Starfshópur um dagvistunarmál,
c/o Rauðsokkahreyfingin,
Skólavörðustíg 12,
Reykjavík.